

## AUGLÝSING

### um breytingu á umferð á Ísafirði.

Breyting verður á auglýsingu um umferð á Ísafirði nr. 189/1993, II. kafla B. 3. tölulið þannig, að bannað er að leggja ökutækjum á Austurvegi að norðanverðu, frá Hafnarstræti að Sundstræti að sunnanverðu og frá Hafnarstræti að Grundagötu, nema í þar til gerðum bifreiðastæðum.

Einnig verður sú breyting á III. kafla um einstefnuakstur að við bætist liður nr. 14 svohljóðandi:

Einstefnuakstur verður á Austurvegi til austurs frá gatnamótum við Norðurveg að eystra horni leikfímihúss/sundhallar. Öll almenn umferð um Austurveg frá Aðalstræti að eystra horni nefnds húss er takmörkuð við ferðir strætisvagna, skólabifreiða og neyðarakstur frá kl. 8.15 til 15.00 mánudaga til föstudaga þann tíma sem grunnskólinn starfar.

Reglur þessar, sem settar eru, samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, í samræmi við tillögur bæjarstjórnar Ísafjarðar, öðlast gildi hinn 1. október 1998.

*Ísafirði, 10. september 1998.*

**Ólafur Helgi Kjartansson.**